



Frádráttur vegna viðhalds og endurbóta á íbúðar- og frístundahúsnæði

Fylgiskjal með skattframtali 2012

Framtjendur

Nafn	Kennitala
Nafn	Kennitala
Heimili	Sveitarfélag

A	B	C	D	E
Dagsetning umsóknar um endurgreiðslu (RSK 10.18)	Kennitala umsækjanda um endurgreiðslu	Vinna án virðisaukaskatts skv. reikningi (kr.)	Kostnaðarhluti (eignarhluti) framteljanda (%)	Til frádráttar (C * D) (kr.)
	Samtals	=		Samtals =

Frádráttur, 50% af samtölu úr dálki E, færist í reit 158 á framtali.
Hámark frádráttar er 200.000 kr. hjá einstaklingi og 300.000 kr. hjá hjónum.

Frádráttur hjóna og samskattaðra einstaklinga færist hjá þeim sem hefur hærri tekjuskattsstofn.
Frádráttur er háður því skilyrði að umsóknareyðublaði RSK 10.18 hafi verið skilað fyrir 1. febrúar 2012.

Athugasemdir

Dags.

Undirskrift

SKÝRINGAR

Við álagningu opinberra gjalda árin 2011 og 2012 heimilast til frádráttar tekjuskattsstofni 50% af þeirri fjárhæð sem greidd er vegna vinnu án virðisaukaskatts sem unnin er á árunum 2010 og 2011 vegna viðhalds og endurbóta á íbúðar- og frístundahúsnæði til eigin nota. Hámark frádráttar er 200.000 kr. hjá einstaklingi og 300.000 kr. hjá hjónum og samsköttuðum. Heimild þessi tekur einnig til viðhalds og endurbóta á útleigðu íbúðarhúsnæði utan atvinnurekstrar að teknu tilliti til þeirrar frádráttarheimildar sem gildir samtals um þá vinnu sem greitt er fyrir innan ársins vegna framangreindra framkvæmda. Frádráttur hjóna og samskattaðra einstaklinga skal koma til lækkunar hjá þeim sem hærri hefur tekjuskattsstofninn í kafla 2.7 á skattframtali. Frádráttur er háður því skilyrði að skilað hafi verið á fullgildum reikningum vegna endurgreiðslu virðisaukaskatts af sama tilefni. Sækja þurfti um frádrátt á tekjuskattsstofni samhliða umsókn um endurgreiðslu á virðisaukaskatti, í síðasta lagi 31. janúar árið 2011 vegna tekjuársins 2010. Sækja þarf um frádráttinn vegna tekjuársins 2011 í síðasta lagi 31. janúar árið 2012.

Um útfyllingu eyðublaðsins:

Í dálk **A** skal færa inn dagsetningu umsóknar um endurgreiðslu á virðisaukaskatti, en skil á umsókninni ásamt skilum á fullgildum greiddum reikningum fyrir 1. febrúar 2012, vegna ársins 2011, er forsenda fyrir frádrætti frá tekjuskattsstofni.

Í dálk **B** skal færa kennitölu umsækjanda. Hér skal því færa kennitölu framteljanda eða maka, hafi þeir sótt um endurgreiðsluna á virðisaukaskatti vegna viðhalds og endurbóta á íbúðar- og frístundahúsnæði. Hafi annar aðili sótt um endurgreiðsluna fyrir hönd margra aðila, svo sem ef húsfélag hefur sótt um endurgreiðslu vegna sameiginlegra framkvæmda, skal hér færa inn kennitölu húsfélagsins eða þess aðila sem sótti um endurgreiðsluna.

Í dálk **C** skal færa greiðslur vegna vinnu verktaka sem virðisaukaskattur var endurgreiddur vegna. Hér skal aðeins færa vinnuna skv. reikningi en ekki heildarfjárhæð reikningsins. Hér skal því ekki færa annan kostnað skv. reikningi, svo sem vegna efnis.

Í dálk **D** skal færa kostnaðarhluta framteljanda í þeim framkvæmdum. Hafi framteljandi greitt allan kostnað vegna framkvæmdanna skal færa hér 100%. Hafi verið um sameiginlegar framkvæmdir að ræða, svo sem hjá húsfélagi, skal hér færa kostnaðarhlut framteljanda, þ.e. hlutdeild hans í heildarkostnaði.

Í dálk **E** skal færa greiðslu fyrir vinnu skv. dálki C margfaldað með kostnaðarhluta skv. dálki D.

Kostnaður, þar sem ekki er innheimtur virðisaukaskattur.

Þegar keypt er vinna af verktaka, sem ekki er virðisaukaskattsskyldur, þarf aðeins að fylla út dálka C, D og E og senda jafnframt fullgilda reikninga til ríkisskattstjóra til staðfestingar. Þetta á við þegar umfang rekstrar verktakans er undir þeim mörkum sem gilda um virðisaukaskattsskyldu og virðisaukaskattur því ekki innheimtur af þeim sökum.